



Fundargerð

1385. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
15. september 2022

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir varaformaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders, Sverrir Bergmann Magnússon og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Friðjón Einarsson boðaði forföll, Sverrir Bergmann Magnússon sat fundinn.

* * *

1. Stjórnarfundur Tjarnargötu 12 ehf. (2022010328)

Ráðhús Tjarnargötu 12 – kostnaðar- og framkvæmdaáætlun.

Jón Stefán Einarsson, arkitekt og Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mættu fundinn undir þessum lið.

Lögð fram uppfærð kostnaðar- og framkvæmdaáætlun.

2. Vatnsnesvegur 8 (2020030181)

Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður, sem mætti á fundinn gegnum fjarfundarbúnað, og Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs sátu fundinn undir þessum lið.

Lögð eru fram drög að samstarfssamningi við Steinþór Jónsson um endurbætur á húsinu og nærumhverfi Vatnsnesvegur 8 í Reykjanesbæ. Lögð fram drög að kaupsamningi um sölu 49% hluta hússins. Bæjarráð samþykkir fram lögð samningsdrög og felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að undirrita viðeigandi samninga og skjöl.

3. Rafhleðslustöðvar - niðurstaða útboðs (2022090245)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs, Gunnar Ellert Geirsson deildarstjóri umhverfismála og Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi sátu fundinn undir þessum lið.

Útboðið var auglýst innanlands og á evrópska efnahagssvæðinu 4. ágúst og tilboð voru opnuð þann 12. september. Þrjú tilboð voru lögð fram á tilboðstíma í alla hluta útboðsins.

Óskað er eftir heimild bæjarráðs til að ganga til samninga við hagstæðasta tilboðsgjafa.

Bæjarráð felur Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfissviðs að undirrita samning við hagstæðasta tilboðsgjafa.



Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri yfirgaf fundinn.

4. Umdæmisráð barnaverndar (2021120037)

Pórdís Elín Kristinsdóttir teymisstjóri barnaverndar sat fundinn undir þessum lið og kynnti nýja skipan barnaverndarmála vegna breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2008.

Bæjarráð felur Pórdísi E. Kristinsdóttur teymisstjóra barnaverndar að vinna áfram í málinu.

5. Notendastýrð persónuleg aðstoð – NPA samningur (2021120283)

Ólafur Garðar Rósinkarsson teymisstjóri í málefnum fatlaðra sat fundinn undir þessum lið.

Óskað er eftir viðbótarfjármagni við NPA samning kr. 9.100.540 vegna hækkunar á mánaðarlegu framlagi sem er tilkomið vegna kjarasamningshækkana 2022.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til viðauka í fjárhagsáætlun 2022.

6. Lóð fyrir öryggisvistun (2021060376)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs sat fundinn undir þessum lið.

Lögð fram valkostagreining á lóð undir öryggisvistun.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu og fá frekari upplýsingar frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

7. Körfuknattleiksdeild Keflavíkur – erindi (2022010445)

Beiðni um styrk barst frá körfuknattleiksdeild Keflavíkur.

Bæjarráð óskar eftir að formaður Keflavíkur og formaður körfuknattleiksdeildar komi á fund bæjarráðs.

8. Heimildamynd um Þóri Baldursson – beiðni um styrk (2022040568)

Bæjarráð samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 1.000.000, tekið af bókhaldslykli 21-011-9220.

Bæjarráð vísar því til menningar- og atvinnuráðs að óska eftir samvinnu við kynningu á heimildarmyndinni.

9. Hagnýting vindorku – vettvangsferð (2022090209)

Lagðar fram upplýsingar frá Íslandsstofu um vindorkuvettvangsferð til Danmerkur.

Bæjarráð tekur jákvætt í að senda fulltrúa á kynninguna. Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.

10. Viðbragðsáætlanir vegna eldsumbrota (2022090230)

Lagt fram minnisblað frá 5. september sl. vegna fundar fulltrúa sveitarfélaganna á Suðurnesjum í almannavarnarnefndum á Suðurnesjum.

11. Húsnæði Myllubakkaskóla – viðauki við fjárfestingaáætlun (2021050174)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs sat fundinn undir þessum lið.

Á þessu ári hefur ítrekað verið kynnt og fjallað um rakaskemmdir í húsnæði Myllubakkaskóla og hófst sú umræða á haustmánuðum 2022. Til að unnt væri að hefja nýtt skólaár í ágúst s.l.



og halda áfram framkvæmdum við viðgerð á rakaskemmdum, þá liggur fyrir að á árinu 2022 þarf að fara í kr. 550.000.000 framkvæmdir sem ekki hefur verið áætlað fyrir.

Bæjarráð samþykkir fjárveitinguna sem viðauka við fjárfestingaráætlun 2022.

12. Lyfsöluleyfi fyrir lyfjabúð að Fitjum 2 (2022080664)
Erindi Lyfjastofnunar vegna umsóknar um styttn afgreiðslutíma fyrir nýja lyfjabúð. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirliggjandi umsagnar.
13. Fundargerðir Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja 4. apríl og 5. september 2022 (2022090239)
Fundargerðirnar lagðar fram.
14. Fundargerðir stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 15. ágúst og 7. september 2022 (2022010469)
Fundargerðirnar lagðar fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:40